

Í tilefnisflokkinn ‚Lús – njálgur – kláðamaur‘ eru skráð öll samskipti við nemendur/ forráðamenn varðandi þessa smitsjúkdóma. Lús, njálgur og kláðamaur eru [skráningarskyldir sjúkdómar](#) og ber heilbrigðisstarfsfólki að skrá þá ef þeir staðfesta smit eða fá öruggar upplýsingar á smiti frá forráðamanni.

### Tilkynning til Embætti landlæknis

Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu sér um að senda upplýsingar um fjölda tilfella af lús, njálg og kláðamaur sem greind eru og skráð í Ískrá. Gögn eru tekin út eftir skráningu á hjúkrunarviðfangsefnum ‚Lús‘ – ‚Njálgur‘ – ‚Kláðamaur‘. Því er mikilvægt að skráð séu ný samskipti þegar um nýtt smit er að ræða og merkt við viðkomandi sníkjudýr sem viðfangsefni.

### Skilgreining á hjúkrunarviðfangsefnum (HV):

Skilgreining er gefin við hvert HV í eftirfarandi töflu og einnig eru taldar upp þær HM sem eiga helst við. Sú HM sem Ískrá hakar sjálfkrafa við þegar viðkomandi HV er valið er lituð rauð. Ef sú HM á ekki við er hægt að ‚afhaka‘ hana með því að smella á hakið og haka í þá HM sem við á.

[Verklag Lús, njálg og kláðamaur](#) - Þróunarmiðstöð

Hjúkr.viðfangsefni (HV)	Skilgreining	Hjúkrunarmeðferð (HM)
<input type="checkbox"/> Fyrirspurn	A) Forráðamaður/nemandi óskar eftir upplýsingum varðandi lús, njálg eða kláðamaur eða meðferð þeirra. B) Óskað er eftir af, starfsfólki skóla, að SHS* leiti að lús í hári nemandar vegna gruns um lús.	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Lúsaleit <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Upplýsingaöflun
<input type="checkbox"/> Kláðamaur	Smit nemandar staðfest af forráðamanni eða SHS*. <a href="#">Kláðamaur</a> - Heilsuvera	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Tilvísun til læknis
<input type="checkbox"/> Lús	Smit nemandar staðfest af forráðamanni eða SHS*. <a href="#">Ískrármoli – Lús</a> <a href="#">Lús</a> - Heilsuvera	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input checked="" type="checkbox"/> Fræðsla til nemendahópa <input checked="" type="checkbox"/> Fræðsla til skólasamfélags <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann
<input type="checkbox"/> Njálgur	Smit nemandar staðfest af forráðamanni eða SHS*. <a href="#">Njálgur</a> - Heilsuvera	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input checked="" type="checkbox"/> Fræðsla til skólasamfélags <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann
<input type="checkbox"/> Annað <input type="text"/>	Möguleiki að skrá inn nýtt HV ef ekki er hægt að nota nein af ofantöldu.	

\*SHS=Starfsfólk heilsuverndar skólabarna